

## Aðalfundur Fimleikafélagsins Björk

Haldinn mánudaginn 10. maí, kl. 20.00 í Félagsheimili félagsins að Haukahrauni 1

Fundurinn er haldinn í samræmi við lög félagsins og dagskrá fundarins sem hér segir:

1. Fundarsetning og ávarp formanns.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfest lögmæti fundarins.
4. Kannað kjörgengi fundarmanna.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
6. Skýrsla aðalstjórnar.
7. Reikningar félagsins.
8. Umræður um skýrslur.
9. Reikningar bornir undir atkvæði.
10. Lagabreytingar.
11. Kosning formanns.
12. Kosning 2 stjórnarmanna og 3 varamanna.
13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.
14. Ávarp formanns.
15. Önnur mál.
16. Fundarslít.

### **1. Fundarsetning og ávarp formanns.**

Formaður félagsins Ingvar Kristinsson setur fundinn og býður félaga velkomna á fundinn.

### **2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.**

Ingvar ber upp tillögu um Ólaf Sigvaldason sem fundarstjóra, tillaga samþykkt og Hannes Pétursson sem fundarritara, tillaga samþykkt.

### **3. Staðfest lögmæti fundarins.**

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins frá 15 apríl og með tölvupósti til iðkenda 3 maí (um 200 póstar skiluðu sér ekki) klárað að senda út 6. maí.

### **4. Kannað kjörgengi fundarmanna.**



Skv. Lögum félagsins hafa allir félagar rétt til eins atkvæðis á aðalfundi félagsins. Félagar yngri en 16 ára er ekki heimilt að greiða atkvæði á aðalfundi, en foreldri eða forráðamanni er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

#### **5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.**

Liggur frammi í nokkrum eintökum, eins er hún á heimasíðu félagsins, undir skjöl.

#### **6-7. Skýrsla aðalstjórnar og reikningar félagsins.**

Ingvar gerir grein fyrir skýrslunni og reikningum félagsins, liður 6 og 7 saman.

Ingvar fór nokkuð nákvæmlega yfir árið með glærum sem hann varpaði upp á vegg.

#### **8. Umræður um skýrslur.**

Nokkrar athugasemdir komu fram:

##### **Gauti Már (formaður TKD) bað um útskýringu á eftirfarandi atriðum:**

Styrkir og framlög hjá TKD og ferðalaga.

Svar frá Hafsteini: Allar deildir eiga að hafa sér reikninga. Þar voru styrkir sem fóru inn og beint út á Önnu og Björn. Kostnaður á móti og ferðir.

Spurði líka um ferðakostnað og annan kostnað, ákveðið að hann gæti skoðað nánari sundurliðun hjá Hafsteini síðar.

Spurði um útleigutekjur hjá klifurdeild, hvers vegna þetta væri skráð á klifurdeild en ekki á aðalstjórn eins og önnur útleiga.

Svar: Það sem er skráð á klifurdeild er útleiga á skóm og öðrum klifurbúnaði sem klifurdeild hefur leigt út. Þetta er til að standa straum af þeim kostnaði.

Allar útleiga á klifurvegg er skráð á aðalstjórn.

Er Alcan styrk skipt niður á deildir ?

Svar: Já og skiptist eftir reikniformúlu frá Alcan. Þetta kemur sundurliðað til okkar.

##### **Hlín Árnadóttir**

Eru allar deildir með sér bókhald og fjárreiður ?

Svar frá Ingvari: Allur kostnaður og tekjur sem tengjast beint ákveðinni deild fara þar beint undir. Allt bókhald fer í gegnum skrifstofu.

Var með athugasemd um að henni fyndist kostnaður við umsýslu hafa hækkað síðustu ár. Ingvar útskýrði betur kostnaðarliði.

##### **Sjöfn**

Benti á að tekjur af jólasýning hjá almennings- og klifurdeild væri ranglega fært undir fimleikadeild.

Spurði hvort vinnuhlutfall Guðjóns væri 100%

Benti á að þetta væri mikil vinna.

##### **Hafsteinn bað um orðið.**



Hafsteinn kynnti sig og fór yfir tengsl sín við félagið.

Fór fram á það á sínum tíma að keypt yrði stimpilklukka eins og tíðkast á mörgum vinnustöðum. Spurði starfsmenn hvort þeir væru yfir það hafnir að nota stimpilklukku ?

Benti á eftirfarandi staðreynd í sambandi við fjármálin:

Laun og launagreiðslur upp á 6 milljónir á mánuði (lærra júní, júlí og ágúst), þá þarf að koma inn alla virka daga 300þús inn á móti. Meðalgjald iðkenda er ca 30 þús á mánuði. Á tímabilinu janúar til maí þurfa 10 foreldrar að borga laun hvern dag.

Frá því haust 2008 kom hann að þessu, hefur honum fundist eins og viðhorf starfsfólks væri að þetta væri hans einkamál hvort það væri hægt að borga laun. Kom því á framfæri við stjórn að haldinn yrði fundur þegar það er ekki hægt að borga laun. Var ósáttur við að það var ekki gert.

Hann benti á að samvinna stjórnar og starfsmanna væri ekki nógu góð. Hefur ekki heyrt mikið frá henni og það fyrsta sem kemur fram er í formi uppsagna. Er ósáttur við að starfsfólk var ekki haft með í ráðum við þær skipulagsbreytingar sem eru í gangi núna.

Benti á skipulagsleysi innan fimleikadeildar.

Tilfæringar með iðkendur fram og til baka og allir óánægðir, iðkendur og foreldrar. Foreldrar eru hræddir við að gagnrýna við ótta við að það bitni á barninu þeirra. Benti líka á að svona hrókeringar fylgir mikill kostnaður við utanumhald.

Fannst kennslan ekki skila árangri. Hvaða tilgangi þjónar þetta þá þegar árangurinn er enginn. Er ekki eitthvað að ?

Samstarf eða samstarfsleysi. Skortir heildarsýn og samvinnu alla aðila, of mikið þukur einstaka aðila í stað samvinnu.

Hvar er samstaðan sem var hér fyrir 15-18 árum sínum, þá voru félagið með Íslandsmeistara í 7 ár í röð.

Það er kominn tími til að allir aðilar sem að félaginu komi fari yfir þann stíl sem er í gangi. Óskaði eftir betri samstöðu í komandi framtíð.

Sjöfn:

Verður Guðjón framkvæmdarstjóri yfir Fit-Kid.

Svar frá Ingvari: Já.

Hlín Benediksdóttir

Verður Guðjón yfirþjálfari og framkvæmdarstjóri.

Svar frá Ingvari: Já

Vildi benda á að hún hefur ekki fengið neinar ábendingar/kvartanir frá iðkendum eða foreldrum frá skrifstofu. Hefur heyrt beint í foreldrum/iðkendum

Vildi líka benda á að yfirþjálfarar hafa óskað eftir meira samstarfi við stjórn og skrifstofu.

Vildi líka benda á að árangur á mótum hefur verið mjög góður er listaður upp í ársskýrslu og telur um 5-6 síður. Þetta er betri árangur en síðustu ár.



Ólafur Haukur fyrrum formaður

Tapið eykst. Ætlið þið (Hafsteinn og Ingvar) að leggja til 1 milljón á mánuði.

Svar frá Ingvari: Nei.

#### **9. Reikningar bornir undir atkvæði.**

Reikningar samþykktir samhljóða með athugasemd frá Sjöfn um innkomu fyrir klifurdeild

#### **10. Lagabreytingar.**

Engar tillögur um lagabreytingar bárust og því ekki á dagskrá.

#### **11. Kosning formanns.**

Ingvar Kristinsson býður sig fram til formanns. Ingvar Kristinsson var kosin til næsta árs.

#### **12. Kosning 2 stjórnarmanna og 3 varamanna.**

Tillögur um stjórnarmenn til 2ja ára:

Sigríður K. Hafþórsdóttir

Dagrún Árnadóttir

Varastjórn:

Anna María Valtýsdóttir

Aðalstjórn finna fleiri í varastjórn.

Fyrir sitja í stjórn þeir Hannes Pétursson og Andrés Andrésón til 1 árs.

#### **13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.**

Óbreytt, Ómar Einarsson og Jón Trausti Harðarson.

#### **14. Ávarp formanns.**

Ingvar Kristinsson endurkjörinn formaður Bjarkanna ávarpaði fundinn.

- Tekur fagnandi athugasemdum frá Hafsteini og Ómari skoðunarmanni félagsins.
- Ætlum að reyna leita nýrra leiða.
- Höfum fengið Guðjón Guðmundsson til að vinna með okkur.
- Handbókin góð og viljum fylgja henni, ætlum að uppfæra hana lítillega.
- Margir ónýttir tekjustofnar, t.d. styrktarlínur.
- Útleiga góð en ekki víst að það verða alltaf þannig.
- Verðum að vinna betur saman.
- Stefnt að hópefli í haust og vinna í að þetta hópinn og koma á betra samstarfi.

#### **15. Önnur mál.**

Nokkrir aðilar komu með athugasemdir og spurningar.

##### **Sjöfn:**

Last upp úr handbók ípróttaleg markmið félagsins. Vildi benda fundargestum á þau og hvort við færum að fylgja þeim.

Las líka upp úr handbók hluta af kafla um jafnrétti.



Vill ekki sjá mism milli deilda. Keppni á milli deilda sem verður að útrýma. Öllum verður að líða vel sama í hvaða deild þau eru. Mörgum illa við Parkour á ekki að vera þannig. Erum að gera frábært starf að fá einstaklinga sem annars væru ekki í íþróttum. Umgengni hefur mikið lagast á þessari önn, þrátt fyrir að hún hefur stækkað.

Hlín Ben:

Tillaga að stjórnir deilda samræmi vinnreglur.

Nýr þjálfari Parkour hefur breytt miklu í sambandi við samskiptavandamál.

Hildur Ketilsdóttir:

Hefur áhyggjur af því húsið sé að verða of lítið.

Er ekki hægt að hafa það þannig að allar deildir séu með sýna aðstöðu.

Hvar á t.d. Parkour og Fit-Kit að æfa.

Vildi benda á slit á áhöldum og truflun í sal þegar ólíkar deildir eru að æfa í sama sal.

Halldóra:

Hélt að þetta væri fjölgreinafélag. Tekur undir með Sjöfn. Á ekki að vera keppni. Deildir nota þá tíma sem þeim er úthlutað.

Hlín Ketilsdóttir:

Áhöldin sem eru inn í sal er fyrir fimleika. Áhyggjuefni slit á áhöldum ef aðrar deildir eru að nota þau án þekkingar.

Örn (faðir drengs í klifurdeild)

Hefur eftir syni sínum að honum líði eins og aðskotahlut þegar hann kemur á æfingar. Vill ítreka að það sem áður hefur komið fram að það sé jafnræði milli iðkenda.

Hlín Árnadóttir:

Þegar við ákváðum fyrir nokkrum deildum að taka inn fleiri deildir heldur en fimleika þá var farið yfir það hvaða íþróttagreinar myndu ganga vel með fimleikunum. Hún lagði sig fram við að fá inn TKD, og telur það samstarf hafa gengið vel, sama með klifurdeildina það var talið passa vel með fimleikunum því þar er verið að vinna í hógværð og ekki plássfrekt inn í stóra sal.

Benti á að það væru ekki allar íþróttadeildir ánægðar með að allir hefðu aðgang að þeirra æfingar og keppnisplássi án þekkingar á tólum og tækjum.

Hlín Ben:

Bendir á að það sé einn salur sem er ekki notaður af Björk og er bara notaður af dansfélaginu en gæti nýst okkur.

Ingvar svarar: Þetta er háð úthlutunarreglum ÍBH verður að lúta undir það.

Brynhildur Hlín:

Best væri að hafa Andrasal samfleytt, er ekki hægt að nýta frekar danssalinn (samkomusalurinn) ?

Sjöfn:

Ættum að nýta Andrasalinn betur, ÍBH gæti gert athugasemdir við það.



Hlín Árna:

Andrasalurinn myndi nýttast betur ef við hefðum hann samfleytt.

**16. Fundarslit.**

Fundi slitið 21:45.

## **Rio Tinto Alcan**

*Alcan á Íslandi styður barna- og unglíngastarf  
Björk, fimleikafélag*